



Til allra golfklúbba innan GSÍ.
Frá áhugamenskunefnd GSÍ.

Dags. 26. apríl.2017.

Varðar: Leyfilegt hámarksverðmæti verðlauna í golfmótum árið 2017

Áhugamenskunefnd G.S.Í. hefur ákveðið að hámarksverðmæti verðlauna í golfmótum skuli árið 2017 vera **kr. 70.000** .
Verðmæti ferðavinninga má þó vera allt að **kr. 140.000**.

Eins og endranær er miðað er við smásöluverðmæti vinnings.

Eftirtaldar reglur gilda einnig um verðlaunafé:

1. Ekki má veita viðtöku verðlaunum, sem eru greidd út í **peningum** eða **ávísun á peninga**.
2. Vinni keppandi til fleiri en einna verðlauna í sama móti (eða mótasamfellu) má **samanlagt verðmæti** þeirra ekki vera umfram **kr. 70.000**. Þetta tekur einnig til aukaverðlauna svo sem fyrir lengsta upphafshögg og högg næst holu.
3. Ekkert hámark gildir um verðlaun fyrir að fara **holu í höggi**. Þau mega auk þess koma að fullu **til viðbótar** sérhverjum öðrum verðlaunum í sama móti.

Skipuleggjendum og bakhjörllum golfmóta er bent á að hafa fyrirfram samband við nefndina eða skrifstofu GSÍ ef vafi leikur á, hvort fyrirhuguð verðlaun eru í samræmi við gildandi reglur.

Þær upphæðir, sem tilgreinar eru í bréfi þessu, gilda til loka árs 2017.

Með óskum um gleðilegt golfsumar.

Áhugamenskunefnd GSÍ.

Gísli Guðni Hall, formaður
Guðmundur Friðrik Sigurðsson
Hafðís Helgadóttir

netfang ggh@law.is